

## AUGLÝSING

### um skráningu ökutækja.

Með auglýsingu um skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, nr. 530 23. desember 1988, var ákveðið, með vísun til 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 62 24. maí 1988, að Bifreiðaskoðun Íslands hf. skuli annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Fyrirkomulag þetta byggði á samningi dómsmálaráðherra við Bifreiðaskoðun Íslands hf. Í tilefni af skiptingu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í tvö fyrirtæki, Skráningarstofuna hf. og Bifreiðaskoðun hf., hefur verið gerður viðbótarsamningur milli aðila þar sem Skráningarstofan hf. tekur við verkþáttum er varða lögmæltu skráningu ökutækja. Gildir samningurinn til ársloka 2006. Bifreiðaskoðun hf. mun starfa sem skoðunarstofa er annast skoðun ökutækja.

Með vísun til a-liðar 64. gr. umferðarlaganna er því ákveðið að Skráningarstofan hf. skuli annast skráningu ökutækja samkvæmt umferðarlögum og fara með þau verkefni önnur er varða skráningu ökutækja og Bifreiðaskoðun Íslands hf. fer nú með, allt samkvæmt reglum sem um framkvæmd þessara verkefna gilda hverju sinni.

Þar sem í reglum er kveðið á um skoðun ökutækja hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. skal sú skoðun fara fram hjá skoðunarstofu er annast skoðun ökutækja.

Ákvæði þessi koma til framkvæmda 4. febrúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, nr. 530 23. desember 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

30. janúar 1997

Nr. 78

## REGLUGERÐ

### um skráningu ökutækja.

#### Skilgreiningar.

##### 1. gr.

**Ökutækjaskrá:** Opinber skrá yfir ökutæki sem skráð hafa verið hér á landi.

**Skráning ökutækis:** Ákvörðun skráningarstofu um að skrá ökutæki til notkunar hér á landi.

**Forskrá:** Skrá tengd ökutækjaskrá yfir ökutæki sem bíða þess að verða skráð.

**Afskráning:** Ákvörðun um að ökutæki hafi verið tekið úr notkun, sé ónothæft eða hafi verið flutt úr landi.

**Endurskráning:** Skráning ökutækis sem áður hefur verið afskráð.